


# PLÓGUR

VEFRIT LANDBÚNAÐARSAFNS ÍSLANDS



---

**B- deild**

**1. grein – Maí 2008**

---

Eyjólfur Ingvi Bjarnason<sup>1</sup>

## **Efnisyfirlit:**

Inngangur .....	2
Torfi Bjarnason.....	2
Guðlaug Zakaríasdóttir .....	3
Búnaðarskólinn í Ólafsdal.....	4
Lokaorð .....	6
Heimildaskrá .....	7

---

<sup>1</sup> Eyjólfur Ingvi er nú (2008) nemandi í bívísindum við Landbúnaðarháskóla Íslands. Hann er frá Ásgarði í Hvammssveit og því vel kunnugur á slóðum Torfa í Ólafsdal. Eyjólfur Ingvi skrifaði ritgerðina sem námsverkefni í sögu 19. aldar við Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi haustið 2002. Kennari hans var Jón Árni Friðjónsson.

## **Torfi Bjarnason og Búnaðarskólinn í Ólafsdal**

### **Inngangur**

Á fyrri hluta 19. aldar fóru Íslendingar að mennta sig í landbúnaðarfræðum erlendis, einkum í Danmörku og Noregi. Upp úr því urðu raddir um stofnun búnaðarskóla hérlendis háværar á héraðsfundum og oft sendar bænaskrár til Alþingis, sem fjallaði um málið. Einn maður vann mikið að þessum málum og var það Torfi Bjarnason. Hann menntaði sig víða hérlendis sem erlendis og settist loks að í Ólafsdal í Gilsfirði og reisti þar fyrsta búnaðarskólanna hér á landi.

### **Torfi Bjarnason**

Torfi fæddist 28. ágúst 1838 á Skarði á Skarðsströnd, ólst upp í Bessatungu í Saurbæ, þar sem Stefán skáld frá Hvítadal bjó síðustu æviár sín. Forfeður Torfa „voru bændafólk, íslensk sveitaalþýða í Dölum og á Snæfellsnesi í allar ættir. Bregður fyrir Skagfirðingi. ...

Torfi var bráðgjör, fylginn sér, einkar vel skapi farinn og mikið mannsefni. Gáfur hans og dugur hæfðu sem best menntabraut, en smábýli í afdal á sveitarjaðri bauð lítt upp á kosti af því tagi.“<sup>2</sup>

Stór hlut náms hans var sjálfsnám, á unglingsárum lærði hann hjá Eggerti bónda á Kleifum (en þá fór Torfi skemmstu leið fjallasýn milli Bessatungu og Kleifa) og hjá Kristjáni kammerráði á Skarði. Talið er að Páll Friðriksson skrifari hafi kennt honum. Tvítugur lærði hann hjá Ólafi jarðyrkjumanni í Flatey.

---

<sup>2</sup> Játvarður Jökull Júlíusson, 1986: 13-4

Þar hafði verið komið á fót vísi að jarðyrkjuskóla fyrir tilstilli séra Ólafs Sívertssen sem starfaði frá 1857-1860. Almennur efnahagur í Flatey var betri en almennt gerðist til sjávar eða sveita. Ástæða þess er meðal annars viðamikil þilskipaútgerð og eins það að Flatey var höfn og verslunarmiðstöð fyrir norðanverðan Breiðafjörð og eyjarnar þar í kring. „Jarðyrkjuskólinn í Flatey varð kunnastur fyrir það, að þar fékk Torfi Bjarnason fyrstu tilsögn í búvísindum þess tíma.“<sup>3</sup>

Eftir námið í Flatey vann Torfi að búi foreldra sinna í Bessatungu. Frændi Torfa Ásgeir Einarsson, þingmaður Strandamanna og Húnvetninga var annst um hann og vildi að hann kæmist erlendis til að mennta sig. Torfi gerðist vinnumaður hjá Ásgeiri árið 1861, en þá var Ásgeir nýfluttur norður í Húnavatnssýslu. Húnvetningar voru með hugmyndir um að Torfi myndi reisa fyrirmyndarþú í sýslunni þar sem stuðlað yrði að framförum í landbúnaði. Þeir gerð hvað þeir gátu til að kosta utanför Torfa til frekari menntunar. Þegar til kom tók Torfi sjálfur 500 ríkisdala lán til að fara til Skotlands að kynna sér búnaðarhætti þeirra.

Veturinn 1865-66 stóð undirbúningur ferðarinnar sem hæst. Torfi lærð ensku hjá séra Oddi Gíslasyni, teikningar hjá Sigurði málara Guðmundssyni ásamt fleiri fögum hjá mörgum góðum mönnum. Ásgeir Einarsson var stoðin á bak við þetta allt saman ásamt fleiri mönnum, þ.á.m. Jóni Sigurðssyni, forseta en hann taldi t.a.m. að Torfi myndi lítið græða á því að heimsækja frændur vora á Norðurlöndum. Torfi sendi Jóni reglulega pistla frá Skotlandi sem Jón birti í riti sínu Ný félagsrit.

Torfi var í hálf tveim árum í Skotlandi og er hann kom til baka fékkst ekki jarðnaði í Húnavatnssýslum til að reisa fyrirhugað fyrirmyndarþú, þar sem hann myndi hrinda af stað framförum í landbúnaði. Hann fluttist því suður í Borgarfjörð og kom upp búi á Varmalæk „þar sem sífrjó engjalönd liðast á bökkum laxgengra fljóta“<sup>4</sup>, en sú jörð hefði hentað vel fyrir búnaðarskóla. Torfi undi sér ekki vel í Borgarfirðinum, því hugurinn leitaði á æskustöðvarnar þ.e. í Saurbæinn. Torfi keypti Ólafsdal og reisti þar bú árið 1871.

Það má ekki gleyma því að á þessum tíma voru gríðarlega miklir fólksflutningar frá Íslandi til Vesturheims. Vorið 1873 skildi Torfi búið í Ólafsdal eftir í höndum Guðlaugar konu sinnar með tilstyrk tveggja bænda í Saurbænum, og hélt til Vesturheims. Áður höfðu bræður hans tveir fluttist til Ameríku. Torfi kynnti sé landbúnað amerískra bænda í Nebraska. Torfi festi sér land í Nebraksafylki nálægt bænum Salt Hill en yfirsté þó Ameríkufreistinguna og snéri aftur til Íslands um haustið. Það munaði litlu að Torfi hyrfi

<sup>3</sup> Játvarður Jökull Júlíusson, 1986: 22

<sup>4</sup> Játvarður Jökull Júlíusson, 1986: 57

landi og þjóð að eilífu. Til marks um það er að í bréfasafni Torfa kemur fram að Guðlaug ætlaði að flytjast vestur um haf vorið 1874, en hætti við þar sem Torfi kom heim.

Með þessum utanförum átti Torfi eftir að valda straumhvörfum í íslenskum landbúnaði. Torfi kom með nýjan ljá sem tók við af bakkaljánnum og var yfirleitt nefndur Torfaljárninn. Einnig hafði hann meðtekið gífurlegt magn visku sem nýttist honum vel er hann stofnaði skólann í Ólafsdal.

## **Guðlaug Zakaríasdóttir**

Torfi kynnist konu sinni Guðlaugu er hann réði sig í vinnumennsku til Ásgeirs frænda síns árið 1861. Guðlaug var systurdóttir Ásgeirs og alin upp hjá honum. Guðlaug og Torfi voru því þremmingar að frændsemi í móðurætt beggja.

Guðlaug var fædd 19. október 1845 og var því 7 árum yngri en Torfi. Torfi og Guðlaug eignuðust 12 börn en 3 þeirra dóu í æsku.

Fyrsta barn þeirra fæddist í apríl 1865 eða skömmu áður en Torfi hélt utan til Skotlands. Torfi var oft að heiman og því sá Guðlaug að stórum hluta um uppeldið á börnunum og stóð jafnvel ein fyrir búi þeirra.

Verksvið hennar var mjög fjölpætt því ásamt því að sjá um uppeldi barnanna og sjá um bústjórnun var drjúgur partur á ábyrgð á velferð heimilins í hennar höndum. Hennar hlutskipti var einnig að stjórna og kenna kvenþjóðinni til verka.

Það ber engum að efast um það að Guðlaug var mikill skörungur og án hennar hefði Torfi ekki náð jafn langt og hann náði.

## **Búnaðarskólinn í Ólafsdal**

Árið 1879 gekk amtsráð Vesturamtsins að því tilboði Torfa að stofna búnaðarskóla í Ólafsdal með fjárstyrk frá ráðinu. Er þetta var ljóst vann Torfi kappsamlega að undirbúningi skólastarfsins. Hann útvegaði sér mikinn rekavið og norskt timbur til að stækka húsakynni sín fyrir kennslupilta. Einnig náð hann sér í mikið af verkfærum s.s. járnsmíðaverkfærum til að smíða jarðyrkjuverkfæri og önnur áhöld.

Þetta tókst allt saman og skólinn var formlega stofnaður vorið 1880. Torfi var skólastjóri og eini kennarinn fyrstu þrjú árin en fékk sér þá aðstoðarmann til að geta einbeitt sér betur að kennslunni. Bókasafni fyrir lærisveina var komið á fót með fræðslurítum um landbúnað. Torfi samdi mikið af kennslubókunum sjálfur.

Árið 1885 var merkilegt í sögu skólans en þá var hann formlega samþykktur sem opinber stofnun af amtsráði Vesturamtsins. En með því var skólanum tryggt nægilegt fjármagn til reksturs. Torfi var til að mynda án launa fyrstu þrjú árin.

Árið 1895 stórskemmdist gamla skólahúsið í Ólafsdal í ofviðri sem ekki eru óalgeng þar. Torfi leitað strax eftir styrk hjá Vesturamtinu til að reisa nýtt skólahús þar. Málalyktir urðu þær að Torfi tók 12.000 kr. lán hjá Vesturamtinu með veði í jörðinni. Torfi byggði þá hið mikilfenglega hús sem stendur enn rúmum 100 árum eftir byggingu þess. Nýlega hefur það verið gert upp að utan en sannarlega þyrfti að laga það að innan.

Aginn var mikill í skólanum eins og skólareglurnar báru með sér og er hér tilvitnun í hluta 1. gr. þeirra skólaárið 1906-1907:

Þegar lærisveinar eru heilbrigðir, eiga þeir á hverjum degi – að undanteknu jólafríinu og laugardögum – að *verja 12 stundum til bóknáms og annarra starfa þannig:*

- a) Lærisveinar séu búnir að þvo sér og sestir við bóknám kl. 7 f.m.
- b) Við bóknám séu þeir frá kl. 7-10 f.m. Morgunverðar er neytt kl. 10-11. Allir eldri deildar sveinar eiga að vera búnir til útistarfa kl. 11. ...
- c) Útistörfum skal hætta kl. 3. e.m. og neyta dagverðar kl. 3-4.
- d) Lærisveinar sitja við bóknám frá kl. 4-9 e.m. ... Kveldverðar er neytt kl. 9-10.
- e) Þegar kl. er 10 eiga allir lærisveinar tafarlaust að ganga til hvílu og *slökkva ljósin í bekkjunum* – og í svefnherbergjum eigi síðar en kl. 11.<sup>5</sup>

Á hverju skólaári stunduðu 10-12 piltar nám í skólanum. Skólatíminn var 2 ár, bókleg kennsla var 48 stundir á viku. Piltarnir lærðu verknám fyrstu 5 mánuðina og 5 tíma á dag upp frá því. Nemarnir lærðu alls konar jarðrækt, hugvinnu, húsabyggingar, fénaðarhirðingu, móskurð, smíðar og aðdrætti. Í smiðjubókum Torfa kemur fram hversu mikið var smíðað af verkfærum. Alls voru smíðuð um 800 jarðyrkjuverkfæri og tilheyrandi tæki s.s. plógar, herfi, hesthemlar, aktygi, hestakerrur, hestarekur, jarðnafrar, hjólbörur og vatnshrútar. Auk þessa voru smíðaðir 700 ristuspaðar og gífurlegt magn hestajárna, ljáblaða og heynála. Verkfæri þessi dreifðust um allt land og stuðluðu að aukinni ræktun og auðvelduðu hana sem og þau ýttu undir framfarir og verkmenningu í sveitunum.

Torfa var ætíð ljóst að stofnun skólans yrði aldrei til þess að hann hagnaðist á því og þegar upp var staðið var hann skuldsetinn vegna reksturs skólans en allar fjárhagslegar skuldbindingar voru á hans herðum. Hann reyndi nokkrum sinnum um aldamótin 1900 að fá Vesturamtíð til að kaupa skólann af sér til að tryggja framtíð hans. Yfirvöld voru ófánaleg til að kaupa skólann meðal annars vegna þess að komnir voru skólar víðs vegar um land meðal annars á Hvanneyri og Hólum.

---

<sup>5</sup> Játvarður Jökull Júlíusson, 1986: 154-5

Því fór sem fór og skólinn var lagður niður árið 1907, þegar Torfi lést árið 1915 tók ríkið allar eignir hans upp í skuldir og þess vegna er Ólafsdalur ríkisjörð í dag. Guðlaug fékk þó að búa í Ólafsdal þar til hún lést árið 1937, en yngsti sonur þeirra Markús sá um búið. Síðan bjuggu í Ólafsdal ýmsir menn til ársins 1972 er skólahúsið var menntaskólasel MS til 1992.

Í Ólafsdal sjást ummerki um framkvæmdir Torfa þó tímans tönn hafi unnið á þeim. Gamla skólahúsið minnir mann á að þarna var skóli. Húsið hefur verið lagfært að utan en þarfnast endurbóta að innan. Jörðin heyrir undir landbúnaðarráðuneytið og menntamálaráðuneytið og ekki veit ég í hvaða farvegi þessi mál eru þar í dag.

## Lokaorð

Hér á undan hef lýst því mikla frumkvöðlastarfi sem Torfi Bjarnason vann á ævi sinni, en þó má ekki gleyma Verslunarfélagi Dalasýslu sem hann stofnaði ásamt nokkrum öðrum árið 1886 og stýrði því í 16 ár. Svæðið var gífurlega stórt eða allt Stór-Breiðafjarðarsvæðið, ásamt Strandasýslu og hluta af Vestur-Húnavatnssýslu. Verslunarfélagið var forveri samvinnufélagshreyfingarinnar sem ríkti stærri hluta 20. aldar. Verslunarfélagið skiptist seinna upp í ríflega 10 kaupfélög og eru nokkur þeirra en starfandi í dag.

Margt gripa hefur verið varðveitt frá tíð Torfa og er hægt að fá þó nokkra yfirsýn yfir þau á Byggðasafni Dalamanna að Laugum. Undirritaður sem starfaði á safninu sl. sumar tók meðal annars á móti kómmóðu sem var inná kontór hjá Torfa meðan skólinn starfaði.

Sjálfsagt hefur hin slæma fjárhagsstaða skólans verið Torfa erfið, einnig má ekki gleyma því að þegar Torfi deyr 1915 höfðu 8 af 12 börnum hans látist á undan honum. Ég held að þetta hafi tekið þó nokkuð á sálarlífið hjá þeim hjónum Torfa og Guðlaugu.

Af hverju valdi Torfi skólanum stað í Ólafsdal? Jón Bjarnason bóndi í Ólafsdal bauð Torfa jörðina til kaups. Það varð til þess að Torfi kaupir Ólafsdalinn árið 1871, „almennt var og er því trúað, að Torfi hafi hafnað Varmalæk sem skólasetri, snúið baki við Borgarfirðinum en kjörið í staðinn æskusveit sína, Saurbæinn, og Ólafsdal fyrir skólasetur.“<sup>6</sup> Einnig hafa margir sagt það að gæti Torfi kennt manni að búa í Ólafsdal gat

---

<sup>6</sup> Játvarður Jökull Júlíusson, 1986: 48

sá hinn sami búið hvar sem er á landinu, þar sem Ólafsdalur er erfið jörð með lítið ræktunarland.

„Hitt lifir í sögunni og mun rétt, þó skjöl bresti að svo stöddu, að Torfi hefði þegið það ef fengist hefði, að staðið væri upp fyrir honum í Stórholti.

Þar eru margfaldar víðáttur graslendis og frjómolddar hjá því sem í Ólafsdal. Megnið af þeim gróðurvíðáttum er nú land Fóðuriðjunnar. Þar hefðu engin stjórnvöld getað borið við landþrengslum fyrir skólabú.

En sagan fór sínu fram. Saga Torfa gerðist í Ólafsdal.“<sup>7</sup>

---

Eyjólfur Ingvi Bjarnason.

### **Heimildaskrá:**

Einar Laxness. 1998. *Íslandssaga – I.bindi a-h – Alfræði Vöku-Helgafells*. Vaka-Helgafell, Reykjavík

Játvarður Jökull Júlíusson. 1986. *Saga Torfa Bjarnasonar og Ólafsdalsskóla*. Búnaðarfélag Íslands, Reykjavík.

Perla Torfadóttir. 2002. *Skólahúsið í Ólafsdal*. Grein í Fasteignablaði Morgunblaðsins 11. júní 2002.

21.9.2002 [http://www.simnet.is/mariusetur/html/saga\\_hus\\_heild.htm](http://www.simnet.is/mariusetur/html/saga_hus_heild.htm)

---

<sup>7</sup> Játvarður Jökull Júlíusson, 1986: 47